



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Umboðsmaður barna
Salvör Nordal, umboðsmaður barna
Kringlunni 1
103 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2021
Tilv.: HRN19020057/05.45

Efni: Langur biðtími eftir talmeinaþjónustu.

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis umboðsmanns barna, dags. 5. mars sl., varðandi langan biðtíma eftir talmeinaþjónustu barna. Í fyrrgreindu erindi ítrekar umboðsmaður barna annað erindi sitt frá 4. febrúar 2021 sem heilbrigðisráðuneytið svaraði með bréfi 19. febrúar sl. Biðst ráðuneytið velvirðingar á þeim tögum sem hafa orðið á svörum.

Ráðuneytið ítrekar að mikilvægt er að tryggja börnum talmeinaþjónustu og málefnið er brýnt. Jafnframt ítrekar ráðuneytið að heilbrigðisráðherra mun leggja fyrir þingið þingsályktunartillögu um stofnun þverfaglegs landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Ráðuneytið tekur undir með umboðsmanni að þörf er á aðgerðum og fjármagni í verkefnið. Að mati ráðuneytisins er stofnun fyrrgreinds landsráðs ein af þeim aðgerðum sem er þörf til að koma á samstarfi milli þeirra aðila sem að verkefninu koma. Líkt og umboðsmaður barna nefnir í fyrrgreindu erindi er um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga að ræða og því flóknara fyrir vikið. Fyrrgreindur samstarfsvettvangur er því nauðsynlegur. Þannig er áætlað að að landsráðinu komi aðilar úr heilbrigðisþjónustunni, menntasamfélaginu og vísindasamfélaginu með það að markmiði að tryggja viðeigandi færni, þekkingu og þróun innan heilbrigðisþjónustunnar hverju sinni. Landsráðinu er einnig ætlað að hafa virkt samráð við aðila tengda heilbrigðisþjónustu, þ.e. sjúklinga, sjúklingasamtök, fagfélög og aðra hagsmunaaðila. Að mati ráðuneytisins felst í framangreindu frumkvæði að því samstarfi sem umboðsmaður barna kallar eftir og mun ráðuneytið leiða þá vinnu.

Í þessu samhengi er jafnframt vert að nefna að Háskóli Íslands tekur inn nemendur í talmeinafræði annað hvert ár, en næst verður teknir inn nemar í námið haustið 2022. Að mati ráðuneytisins þarf að skoða hvort fyrirkomulagi námsins megi breyta til að útskrifuðum nemum fjölgi enn frekar. Menntamál eiga þó undir annað ráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneytið en gert er ráð fyrir að í fyrrgreindu landsráði muni sitja fulltrúar þess ráðuneytis. Landsráðið verður kjörinn vettvangur til að fara yfir þessi málefni í heild sinni, leita að heildstæðum lausnum með hagsmunum þess barnahóps sem þarf nauðsynlega á þessari þjónustu að halda að leiðarljósi.

Að öðru leyti ítrekar ráðuneytið að um er að ræða áherslumál innan ráðuneytisins en vísar að öðru leyti til þess er fram kom í svari til umboðsmanns barna 19. febrúar sl.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Guðlín Steinsdóttir


Ingibjörg Björnsdóttir